

Fundur 5.6.2023 Wellander, sænskur maður.

Já komið þið öll blessuð og sæl.

Já góða kvöldið.

Finnst mér það stórmerkilegt að frændþjóð okkar skuli hafa átt vísindamann sem fyrstur uppgötvaði þetta mikla samband, eins og það er kallað á þessum hnetti.

Og er ég enn að átta mig á möguleikum þessarar tilveru og segja má að ég brosi hér stöðugt og gleðjist og er það ekki auðvelt fyrir mann sem hefur efast um lífið eftir dauðann og sem hafði talið sig kristinnar trúar þar áður, að meðtaka það að náttúrulögmál komi hér við sögu.

Og saga mannkynsins hefur staðnað að þessu leitinu til og skil ég það núna eftir að ég kom á þennan hnött, þennan sannkallaða framlífs hnött, að við hefðum ekki bara átt að hlusta á þessa fjölmörgu trúarhópa sem komu til landsins míns, heldur hefðum við átt að fara í grundvöllinn og spyrja okkur að því, hvað er sameiginlegt með trúarbrögðunum og hvort ekki megi læra af því, að líf sé eftir dauðann og að hitta megi ættingja og aðra.

Og hvort þær séu ekki óþarfar deilurnar um helgisiði og hvaða spámaður hafi rétt fyrir sér.

Já hef ég nú fengið endurnýjaðan áhuga á þessu öllu og er mér þetta stöðugt undrunarefni og fagnaðarefni og veit ég ekki hvar ég á að byrja eða hvaða verkefni ég á að taka mér fyrir hendur næst, en er það margt sem vekur áhuga minn í þessu nýja lífi.

Og það sem kannski slær mig mest er þó að hér gefst mér tækifæri til að afstýra þróun þeirri sem varð í heimalandi mínu og kjósa flokka sem geta hindrað að það gerist og eru því tækifærin mörg.

En vil ég þó fyrst og fremst lýsa þakklæti til Íslendinga og gömlu Guðanna og Norrænu samstarfi sem mér er sagt að hafi hjálpað þessari þjóð sem hér bjó í upphafi, til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum, þannig að hér eru margir saman komnir í lífsstefnunni og stjórnusambandsstöðvum.

Já, er ég tiltölulega nýkominn hér á þennan hnött og vildi ég gjarnan að ég hefði átt mikil samskipti við ykkar land en kannaðist við nokkra landa ykkar.

Ég er sænskur maður og ætla ég að reyna að segja deili á mér áður en ég kveð ykkur, reyni ég að koma síðar og segja frá lífi mínu í meiri smáatriðum.

Er ég enn þá að ná mér eftir umskiptin og mikill er fögnuðurinn og mörg tækifærin, ég ætla að segja nafn mitt áður en ég kveð og fagna góðri heilsu og nýjum líkama.

Hef yngst hér upp og hitt foreldra og aðra lengra komna og frá mörgu að segja, en það verður allt að bíða.

Sænskur maður, Wellander.

Reyni ég að koma síðar, þakka ég fyrir.

*Þakka þér fyrir og vertu blessaður.*

Já takk fyrir.